

76. fundargerð Holta-og Hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla þann 13.mai 2014

Mættir eru : Berglind Rafnsdóttir, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson, Guðmundur Geirsson, Pétur Örn Birgisson, Sigurður Magnússon og Sigrún Elva Briem

**1. Aðalfundur**

Aðalfundurinn gekk mjög vel að mati nefndarinnar. Hefði að sjálfsögðu mátt vera fleira fólk. Næst ætlum við að bera út auglýsingu um fundinn í hvert hús.

**2. Formaður kynnir fyrirkomulag hverfisnefndar**

Berglind bíður nýja meðlimi hverfisnefndar, Pétri Birgissyni og Sigurði Magnússyni velkomna og kynnir fyrir þeim hvernig nefndin starfar og hvað var gert síðastliðin vetur. Einnig kynnt þau verkefni sem eiga að gerast yfir sumartímann s.s. málun gangbrauta og uppsetning á 30 km merkjum víðsvegar í Skarðshlíðarhringnum.

**3. Fundur með bæjarstjóra**

Hverfisnefnd var boðuð á fund í ráðhúsið þann 7.mai sl.

Á fundinn mættu allir í hverfisnefndinni og Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, Dan Jen Brynjarsson fjármálastjóri og Jón Birgir Gunnlaugsson, framkvæmdadeild ásamt Dagnýju Harðardóttur skrifstofustjóra. Ástæða fundar var ósk hverfisnefndar um reikninga vegna Umhverfisfjár sem hverfisnefnd hafði til umráða 2013. Hverfisnefnd hefur ítrekað óskað eftir stöðu á ráðstöfunarfé ársins 2013, þ.e.2.milljónir króna, en án árangurs. Misskilnings gætti á milli starfsmanna bæjarins og hverfisnefndar um hvað var verið að óska eftir. Leiðréttist sá misskilningur á þessum fundi og fékk hverfisnefnd yfirlit yfir notkun fjárens vegna 2013 ásamt loforði um að fá yfirlit um það bil tvisvar á ári. Telur hverfisnefnd nauðsynlegt að fylgjast með hversu mikið af gjafafénu hefur verið ráðstafað og þar sem greiðsla fer fram í gegnum Akureyrarbæ taldi nefndin sjálfsagt að hún fengi upplýsingar um hvað væri greitt í hennar nafni. Gott er að þetta mál leystist.

**4. Skilti**

Öll skilti sem pöntuð voru eru komin til síns heima og vona nefndarmenn að allir komi skiltinu sínu upp. Ef að fólk vantar skilti á gömul hús í hverfinu er hægt að senda beiðni á netfangið hliðholt@ akureyri.is og ætlar stjórnin að halda þessu verkefni opnu a.m.k. út þetta ár.

**5. Ný stjórn**

Ný stjórn er kosin, Óskar Ingi Sigurðsson tekur við formennsku af Berglinni Rafnsdóttur sem er búin að vera formaður í 3 ár og Sigrún Elva Briem verður áfram ritari. Fundartími ákveðinn áfram á þriðjudögum kl.18:00. Nefndin mun hittast næst í ágúst.

## **6. Verkefni næsta vetur kynnt**

Halda Hverfishátíð í Seljareitnum og grilla fyrir hverfisbúa.

Forvarnir vegna hraðaksturs í hverfinu.

Krossanesbrautin, telst mjög hættuleg börnum.

Skoða aðstæður vegna hverfisleikskóla sem virðist vanta í hverfið

Kynna okkur ástand leikvallar í Litluhlíð, þar sem að hann telst hættulegur börnum.

## **7. Lokun aksturs um göngustíga**

Þar sem „gulu steinunum“ á gangstígum er oft ýtt í burtu komu upp hugmyndir um að setja hlið við göngustígana í stað steina. Má þar nefna stígana meðfram Gleránni, við Hvammshlíð og við Langholt. Óskað er eftir við framkvæmdadeild að þeir komi þessum gulu steinum á sinn stað fyrir sumarið þar sem flestir þeirra liggja utan göngustígs.

## **8. Ljúka við og laga göngustíga**

Athugasemdir bárust vegna ókláraðs göngustígs við Langholt/Þverholt þar sem eftir er að tengja lítinn stubb við gangstíginn upp frá Bónus.

Halda áfram með göngustíg við enda Einholts.

Laga göngustíg um Áshlíð/Skarðshlíð og er þá vísað í að enginn göngustígur er þar nú. Einnig vantar niðurtak af gangstígum við Stórholt og frá Skarðshlíð í átt að hringtorgi.

Næsti fundur verður haldinn 12. Ágúst 2014

Marft annað rætt en ekki fært til bókunar.

Sigrún Elva Briem